



# 338. fundur Skólanefndar FS

## 12. október 2016

**Mættir:** Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Una Björg Ingimundardóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Bréf frá MK til skólanefndar.
  2. Fjárhagsstaðan.
  3. Önnur mál.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

### 1. Bréf frá MK til skólanefndar.

Formaður kynnti bréf frá skólanefnd Menntaskólans í Kópavogi þar sem leitað er eftir samstarfi skólanefnda framhaldsskólanna við að skapa sameiginlegan grundvöll til að ræða fjárhagsstöðu framhaldsskólanna. Fundarmenn voru sammála um að taka jákvætt í erindið enda löngu orðið tímabært að endurskoða fjárfamlög til framhaldsskólanna. Formanni falið að svara erindinu.

### 2. Fjárhagsstaðan.

Rætt um fjárhagsstöðu skólans en reksturinn er ennþá réttu megin við strikið en naumlega þó. Ekki má mikið út að bregða til að ekki sé hægt að bregðast við því. Nauðsynlegt er að fá aukið fjármagn í reksturinn til að endurnýjun búnaðar og annað slíkt geti verið með eðlilegum hætti. Þá er meðalaldur kennara að hækka og því hefur launakostnaður aukist umfram fjárveitingar. Auk þess þarf skólinn að standa undir kostnaði vegna veikindaleyfa.

### 3. Önnur mál.

- a) Í vikunni hefur verið stjórnmalavika hjá nemendafélaginu en þar hafa verið umræður með fulltrúum þeirra flokka sem bjóða fram til Alþingis. Vikunni lýkur með skuggakosningu þar sem líkt er eftir Alþingskosningum.


B. E. G.  
B. H. G.  
D. S. R.  
U. B. M.

b) Í veturnar verður gerð úttekt á skólanum á vegum ráðuneytisins en slíkt er gert á nokkurra ára fresti. Búið er að undirbúa úttektina með sjálfsmatsskýrslu og ýmis konar greiningu og söfnun gagna innanhúss. Þeir sem gera úttektina munu m.a. ræða við nemendur og starfsmenn.


c) Formaður ræddi um skólanefndarfundi og hvatti nefndarmenn til að láta vita tímanlega ef þeir geta ekki mætt á fund og boða þá varamann í sinn stað.


Fleira ekki gert og fundi slitið.


  
Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

  
Pétur Brynjarsson

  
Gunnar Valdimarsson

  
Kristján Ásmundsson

  
Guðbjörg Kristmundsdóttir

  
Böðvar Jónsson

  
Una Björg Ingimundardóttir

  
Guðmann Kristþórsson, fundarritari